



Reykjavík, 5. október 2020
SFS2020060261
193. fundur
HG

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins varðandi kostnað foreldra vegna skemmdarverka barna utan skólatíma

Á 186. fundi skóla- og frístundaráðs, 23. júní 2020 lagði skóla- og frístundaráðsfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fram kemur í skýrslu starfshóps um öryggismál að alls hafa 73 rúður verið brotnar á 12 mánaða tímabili víðs vegar um húsnæði eins skóla í borginni. Kostnaður er fyrir árið 2019 í þessum skóla 12.023.000 kr. Hér er aðeins um einn skóla að ræða í borginni en Reykjavíkurborg rekur 36 grunnskóla. Ef barnið er í skólanum á skólatíma þá er barnið á ábyrgð skólans. Ef það er utan skólatíma þá getur barnið verið skaðabótaskyld gagnvart skólanum, þ.e. foreldrar þess. Barn er sakhæft 15 ára. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort foreldrar beri ekki kostnað í þeim tilfellum sem fyrir liggur hver sé gerandi og að gerandi sé nemandi í skólanum og að hann hafi brotið rúðu utan skólatíma?

Svar:

Óskað var eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um fyrirspurnina og er hún hér meðfylgjandi.

Rétt er að taka fram að kostnaður vegna rúðubrota í grunnskólum árið 2019 var í heild 12.023.000 kr. Kostnaður hvers skóla er frá því að vera enginn og upp í rúmar 2 milljónir á einu ári.



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

28. SEP. 2020

SFS 2020060261

Mátt.

Bréfalýkt.

2-6-0

Reykjavík, 23. september 2020

R20090150

4400

Skóla- og frístundasvið
B.t.Helga Grímssonar, sviðsstjóra
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Umsögn vegna fyrirspurnar borgarfulltrúa Flokks fólksins á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. júní 2020 um kostnað foreldra vegna skemmdarverka barna þeirra – tilvísun í mál SFS2020060261

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. júní 2020 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn borgarfulltrúa Flokks fólksins:

Fram kemur í skýrslu starfshóps um öryggismál að alls hafa 73 rúður verið brotnar á 12 mánaða tímabili viðs vegar um húsnæði eins skóla í borginni. Kostnaður er fyrir árið 2019 í þessum skóla 12.023.000 kr. Hér er aðeins um einn skóla að ræða í borginni en Reykjavíkurborg rekur 36 grunnskóla. Ef barnið er í skólanum á skólatíma þá er barnið á ábyrgð skólans. Ef það er utan skólatíma þá getur barnið verið skaðabótaskyldt gagnvart skólanum, þ.e. foreldrar þess. Barn er sakhæft 15 ára. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort foreldrar beri ekki kostnað í þeim tilfellum sem fyrir liggur hver sé gerandi og að gerandi sé nemandi í skólanum og að hann hafi brotið rúðu utan skólatíma?

Með bréfi sviðsstjóra skóla- og frístundarsviðs, dags. 25. júní 2020 var óskað umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar um málið:

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs:

Foreldrar bera ekki hlutlæga ábyrgð á skaðaverkum barna sinna. Skaðabótaábyrgð foreldra vegna skaðaverka barna verður eingöngu reist á sakarreglunni. Til að baka sér ábyrgð verða foreldrar að hafa vanrækt aðgæsluskyldu sína, sem ræðst nokkuð af því við hverju má búast af barni í tilteknu tilviki, og er yfirleitt metið með tilliti til aldurs og þroska barnsins.

Heimils- og fjölskyldutryggingar forsjáradila hafa gengið lengra og taka í einhverjum tilvikum til skaðaverka yngri barna sem teljast óvitaverk en þær bæta þó ekki tjón sem teljast unnin af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Reykjavíkurborg hefur ekki gert kröfu í fjölskyldutryggingar forsjáradila í svona tilvikum þar sem ekki hefur þótt samræmast jafnræðissjónarmiðum að krefjast bóta frá þeim sem hafa slíkar tryggingar en aðhafast ekkert gagnvart þeim sem eru ótryggðir.

Þá hefur ekki verið vilji hjá Reykjavíkurborg til þess að leggja fram kæru og kröfu á hendur börnum og viðhalda henni þar til barn nær 18 ára aldri.

Virðingarfyllst

Berglind Söebeck
verkefnisstjóri trygginga

Borgartúni 12-14
Kt 530269-7609
105 Reykjavík
Sími 411 1111
Fax 411 3799
www.reykjavik.is